



# Keppnisgreinareglur fyrir tímaat og kappakstur

Orðskýringar skáletraðra orða er að finna í *Reglubók FIA* sem aðgengileg er á vef *AKÍS* [www.akis.is](http://www.akis.is)

# 2021



## GREIN 1 ALMENNT

### GREIN 1.1 GILDISSVIÐ

1.1.1 Reglur þessar gilda fyrir allar *keppnir* í tímaati og kappakstri.

1.1.1.a Keppnishaldara er heimilt að víkja frá keppnisfyrirkomulagi og flokkareglum í *keppnum* öðrum en Íslandsmeistarakeppnum.

1.1.2 *Keppnir* eru haldnar samkvæmt *Reglubók FIA* (e. International Sporting Code (ISC)), þessum *keppnisgreinareglum* og *sérreglum* hverrar *keppni*.

1.1.3 Gæti misræmis á þessum *keppnisgreinareglum* og *Reglubók FIA* þá gilda reglur *FIA*.

## GREIN 2 SKRÁNING

### GREIN 2.1 KEPPENDUR OG ÖKUMENN

2.1.1 *Keppendum* er heimilt að skrá sig mörgum sinnum í hvern flokk í hverri *keppni*.

2.1.2 Ekki er heimilt að tveir eða fleiri *ökumenn* keppi á sama *ökutæki* í hverri *keppni*.

2.1.2.a Hver *ökumaður* má aðeins aka einu *ökutæki* í hverjum flokki.

2.1.3 *Ökumaður* skal hafa mætt á að lágmarki eina æfingu á þeirri *braut* sem *keppnin* fer fram á.

2.1.3.a Keppnisstjóra er heimilt að falla frá þessari reglu telji hann *ökumann* hafa reynslu sem gefur tilefni til þess.

2.1.4 Í unglingsflokkum (flokkar með "junior" í heiti sínu) má sá keppa sem verður að minnsta kosti 15 ára á árinu.

2.1.4.a Við 17 ára aldur er *ökumaður* ekki lengur gjaldgengur í unglingsflokk nema að hann verði 17 ára þegar Íslandsmót er hafið. Hefur *ökumaður* þá undanþágu til að klára Íslandsmót í unglingsflokki.

2.1.4.b Í sérreglum *keppni* er heimilt að leyfa þeim sem orðnir eru 17 ára á árinu að aka í unglingsflokki hafi þeir ekið í honum að lágmarki einu sinni í *keppni* í Íslandsmóti á yfirstandandi keppnistímabili.

### GREIN 2.2 ÖKUTÆKI

2.2.1 Hvert *ökutæki* má aðeins nota í einum flokk í hverri *keppni*.

2.2.2 Ekki er heimilt að skipta út *ökutæki* í *keppni* eftir að skoðun lýkur.

## GREIN 3 KEPPNI

### GREIN 3.1 ALMENNT

3.1.1 Á meðan á *keppni* stendur má einungis *ökumaður* vera í *ökutækinu*.

3.1.2 Ræsing á ferð er framkvæmd án fylgdarþáls frá rásþól og er *ökutækjum* ætlað að aka á eigin vegum að ráslínu í réttri röð.

3.1.3 *Keppandi*, *ökumaður* eða liðstjóri skal alltaf vera við *ökutæki* meðan *keppni* fer fram.

3.1.4 *Keppandi* má hafa tvo aðstoðarmenn inni á pittsvæði og ber á þeim fulla ábyrgð.

3.1.4.a *Keppnishaldara* er heimilt að leyfa fleiri aðstoðarmenn á þeim forsendum sem hann ákveður.

3.1.5 Um hegðun *ökumanna* í *brautarakstri* gildir kafli IV *viðauka L* í *Reglubók FIA* um aksturshegðun á *brautum*.

3.1.5.a Nánar má kveða á um aksturshegðun í sérreglum eða með tilkynningum á upplýsingatöflu.

### GREIN 3.2 BRAUTIN

3.2.1 *Brautin* skal vera með hægri og vinstri beygjum og ekki meiri hæðarmun en svo að hún henti til *brautaraksturs* í þeim flokkum sem keppt er í.

3.2.2 *Brautarlengd* skal vera á milli 0,5 km og 10 km. Lágmarks breidd *brautar* er 6 metrar.



### GREIN 3.3 PITTURINN

- 3.3.1 Afmarka skal svæði fyrir pít þar sem *ökutæki* skulu vera á milli þess sem þau keppa.
- 3.3.2 Pittsvæðið skal vera vel merkt og staðsett þannig að frá því sé auðvelt að komast á og af *brautinni*.
- 3.3.3 Inn- og útkeyrsla af pittsvæði skal merkt með skýrum hætti.
- 3.3.4 Pittur skal vera það stór að þar sé að minnsta kosti pláss fyrir öll keppnistæki, alla *keppendur*, *ökumenn*, þjónustuliða og brautarstarfsmenn sem þar gegna skyldum.
- 3.3.5 Innan pittsins skal afmarka einn reit fyrir hvert *ökutæki* og þjónustulið þess sem það hefur til afnota.
- 3.3.5.a *Ökumaður* skal aka beint í og úr sínu afmarkaða svæði í pittinum og forðast að koma í svæði annarra *ökutækja* en síns eigin.
- 3.3.6 Spól er stranglega bannað á pittsvæði.
- 3.3.7 Á pittsvæði er 15 km/klst hámarkshraði, nema annað sé tekið fram í íþróttareglum eða tilkynningu á upplýsingatöflu, og skal aka þar með fyllstu gát.

### GREIN 3.4 SKOÐUN

- 3.4.1 *Ökumaður* skal vera við *ökutæki* sitt meðan skoðun fer fram.
- 3.4.1.a Við skoðun skal *ökumaður* vera í keppnisgalla og með allan persónulegan öryggisbúnað með sér.

## GREIN 4 KEPPNISFYRIRKOMULAG

### GREIN 4.1 KEPPNI Í TÍMAATI

- 4.1.1 Ræsir skal ræsa keppendur í *braut* með hæfilegu millibili.
- 4.1.1.a Lengd brautar ræður hve margir bílar eru á *brautinni* samtímis.
- 4.1.1.b Ef fleiri *ökutæki* eru í *keppni* en komast á *brautina* samtímis skal skipt í eins marga riðla og þörf krefur.
- 4.1.2 Keppnisfyrirkomulag skal vera með þeim hætti að hver keppandi fái að lágmarki eina æfingarlotu og eina keppnislotu.
- 4.1.3 Besti tími *ökutækis* úr *keppnislotum* ræður úrslitum í hverjum flokki.
- 4.1.4 Merkja má svæði á *brautinni* þar sem framúrakstur er ekki leyfður ef aðstæður krefjast þess að mati keppnisstjóra og öryggisfulltrúa.
- 4.1.5 Séu keilur notaðar til afmörkunar á keppnisbraut og *ökutækið* snertir keilu skal ógilda þann hring.
- 4.1.6 Sú regla skal gilda að *ökumenn* hægari *ökutækja* skulu leitast við að hleypa hraðari *ökutækjum* framúr á öruggan hátt.
- 4.1.6.a *Keppnishaldari* notar blá flögg til að minna hægari *ökumenn* á að víkja til hliðar við fyrsta tækifæri þar sem framúrakstur er öruggur.
- 4.1.6.b Heimilt er að refsa *keppanda* með 10 sekúndna viðbót við besta brautartíma hans séu reglur um framúrakstur ekki virtar. Refsingin er tekin út í þeirri umferð sem brotið er framið í.
- 4.1.7 Ákveði *keppnisstjóri* að *brautin* sé það blaut að hætta geti hlotist af notkun semislikka eða slikka getur hann krafist þess að öll *ökutæki* noti regndekk.
- 4.1.7.a Regndekk eru dekk með að minnsta kosti 3 mm djúpum raufum sem veita vatni að ytri brúnum dekkisins, líkt og venjuleg götudekk gera.
- 4.1.8 Keppendur fá stig fyrir sæti í *lokaúrslitum*:
  - 1. sæti : 25 stig
  - 2. sæti : 18 stig
  - 3. sæti : 15 stig
  - 4. sæti : 12 stig
  - 5. sæti : 10 stig
  - 6. sæti : 8 stig
  - 7. sæti : 6 stig



- 8. sæti : 4 stig
- 9. sæti : 2 stig
- 10. sæti : 1 stig

## GREIN 4.2 KEPPNI Í KAPPAKSTRI

**4.2.1** Keppnin skiptist í 30 mínútna tímatökuæfingu og tvær kappaksturslotur.

**4.2.1.a** Að minnsta kosti 15 mínútna bið skal vera milli lota.

**4.2.1.b** Keppnisstjóra er heimilt að skipta keppendum í hópa á tímatökuæfingu.

**4.2.1.c** Báðar kappakstursloturnar skulu vera jafn langar.

**4.2.1.d** Lengd hvorrar kappaksturslotu skal vera sá fjöldi hringja á brautinni sem skila u.þ.b. 30 mínútna kappakstri fyrir þann flokk ökutækja í henni sem hægst er talinn aka.

**4.2.1.e** Lengd kappaksturslota skal koma fram í sérreglum.

**4.2.2** Uppröðun ökutækja í fyrri kappaksturslotu ræðst af úrslitum tímatökuæfingar og uppröðun í síðari kappaksturslotu ræðst af úrslitum þeirrar fyrri.

**4.2.2.a** Þó skal í síðari kappaksturslotunni snúa rásröð þeirra sem lentu í sætum 1-10 þannig að 1. sæti ræsi í 10. sæti, 2. sæti í 9. sæti og svo koll af kolli.

**4.2.3** Merkja má svæði á *brautinni* þar sem framúrakstur er ekki leyfður ef aðstæður krefjast þess að mati keppnisstjóra og öryggisfulltrúa.

**4.2.4** Keppnisstjóri getur beitt refsingu séu reglur um framúrakstur ekki virtar. Refsing er 10 sekúndna viðbót við tíma keppandans í viðkomandi lotu.

**4.2.5** Keppendur fá stig fyrir:

**4.2.5.a** sæti í hvorum kappakstri þannig að fyrir:

- 1. sæti : 25 stig
- 2. sæti : 18 stig
- 3. sæti : 15 stig
- 4. sæti : 12 stig
- 5. sæti : 10 stig
- 6. sæti : 8 stig
- 7. sæti : 6 stig
- 8. sæti : 4 stig
- 9. sæti : 2 stig
- 10. sæti : 1 stig

**4.2.5.b** hraðasta hring í hvorri kappaksturslotu: 1 stig;

**4.2.5.c** hraðasta hring á tímatökuæfingu: 1 stig

**4.2.6** Til úrslita í *keppni* gilda samanlögð stig úr tímatökuæfingu og kappaksturslotum.

**4.2.7** Ef tveir *keppendur* eru með jafnmörg stig í lok *keppni* er sá sigurvegari sem kom á undan í mark í fyrri kappaksturslotunni.

**4.2.8** Keppandi í kappaksturslotu fær:

**4.2.8.a** 100% af áunnum stigum sínum ljúki hann að minnsta kosti 75% af hringjum lotunnar;

**4.2.8.b** 50% af áunnum stigum sínum ljúki hann að minnsta kosti 50% af hringjum lotunnar;

**4.2.8.c** engin áunnin stig hans ljúki hann minna en 50% af hringjum lotunnar.

## GREIN 4.3 ÁKVÖRÐUN ÍSLANDSMEISTARA

**4.3.1** Sá keppandi sem hlotið hefur flest stig samanlagt úr öllum *keppnum* til Íslandsmeistara telst Íslandsmeistari.

**4.3.2** Ef tveir eða fleiri eru með jafnmörg stig í efsta sæti í lok keppnistímabilsins skal sá teljast Íslandsmeistari sem var ofar í þeirra síðustu innbyrðis *keppni*.



## GREIN 5 ÖRYGGISMÁL

### GREIN 5.1 PERSÓNULEGUR BÚNAÐUR ÖKUMANNA

**5.1.1** Ökumenn skulu vera í að lágmarki tveggja laga eldheldum heilgalla. Í kappakstri skal gallinn vera með viðurkenningu frá FIA (FIA 8856-2000), SFI (SFI 3.2A/5 eða hærra).

**5.1.1.a** Undanskilinn er flokkur götubíla þar sem nægir að vera í alfatnaði, síðerma og síðbuxna úr náttúrulegum efnum, til dæmis ull, bómull eða öðru slíku.

**5.1.1.b** Ekki má prenta auglýsingar beint á heilgallann eða sauma í hann nema af framleiðanda hans.

**5.1.2** Fyrir öll hlífðarföt gildir að þau skulu formuð og sniðin þannig að þau skýli vel öllum líkamanum þar á meðal hnakka, ristum og úlnliðum.

**5.1.3** Undirföt skulu vera úr bómull eða ull.

**5.1.4** Myndavélar eða annar búnaður festur á hjálm eða ökumann á annan hátt er bannaður.

**5.1.5** Í kappakstri er skylda er að vera í skóm, hönskum og með lambhúshettu úr eldheldu efni sem bera viðurkenningu frá FIA (FIA 8856-2000) eða SFI (SFI 3.3/ 5 eða hærra).

**5.1.6** HANS búnaður er skylda í ökutækjum sem búin eru fimm eða sex punkta öryggisbeltum og skal hann vera með viðurkenningu frá FIA (FIA 8858) eða SFI (SFI 3.3).

**5.1.7** Hjálmar skulu uppfylla staðla samkvæmt viðauka L, kafla III, grein 1 í *Reglubók FIA*, um útbúnað ökumanns.

### GREIN 5.2 BRAUTARVERÐIR

**5.2.1** Brautarverðir skulu staðsettir við alla *brautina* þannig að hver brautarvörður sjái til næsta brautarvarðar á báðar hendur sér öllum stundum.

**5.2.2** Hver brautarvörður skal hafa hjá sér:

**5.2.2.a** slökkvitæki nema þau séu staðsett í sérstökum öryggisbíl(um);

**5.2.2.b** eitt af hverju flaggi sem reglur kveða á um að geti verið notað.

**5.2.3** Brautarvörður skal nota flögg eins og kveðið er á um í viðauka H, grein 2, lið 2.5 í *Reglubók FIA*.

### GREIN 5.3 ÖRYGGISBÚNAÐUR VIÐ BRAUTINA

**5.3.1** Slökkvitæki skulu staðsett við allar flaggarastöðvar eða í öryggisbifreið(um) við brautina þannig að tryggt sé að viðbragð við eldi sé skjótt.

### GREIN 5.4 ÖRYGGISBÚNAÐUR ÖKUTÆKJA

**5.4.1** Ökutæki sem keppa í kappakstri skulu uppfylla eftirfarandi atriði sem heimilt er að útfæra nánar eða takmarka enn frekar í flokkareglum eða sérreglum.

**5.4.1.a** Ökutækið skal vera með öryggisbúri samkvæmt reglum FIA, viðauka J, grein 253-8.

**5.4.1.b** Húddlæsing og læsing að vélarrými þarf að vera lágmark tvö splitti eða krækjur sem hægt er að opna utan frá með augljósum hætti.

**5.4.1.b.i** Fjarlægja þarf eða aftengja upprunalega húddlæsingu hindri hún opnun utan frá.

**5.4.1.c** Körfustólar eru skylda og skulu þeir bera vottun FIA til notkunar í kappakstri.

**5.4.1.c.i** Stólafestingar verða að henta stólnum og festa hann tryggilega og mega ekki ógna öryggi ökumanns.

**5.4.1.d** Öryggisbelti skulu vera samkvæmt stöðlum FIA eða SFI, með lágmark 5 punkta festingum.

**5.4.1.e** Framrúða skal vera úr lamineruðu öryggisgleri eða lexan plasti og þá að lágmarki 5 mm þykkt.

**5.4.1.e.i** Skylda er að hafa allar aðrar rúður í ökutækinu eða lexan plast í þeirra stað (lágmark 2 mm þykkt).

**5.4.1.e.ii** Heimilt er að setja FIA/SFI vottað net í stað rúðu í ökumannshurð.

**5.4.1.f** Skylda er að hafa rúðupurrkur á framrúðu ökutækisins og móðuvörn í ökumannsrými.

**5.4.1.g** Baksýnispegill eða hliðarspegill á báðum hliðum ökutækisins er skylda.



**5.4.1.h** Vatnsrör að kælikerfi sem liggja í gegnum farþegarými skulu vera ósamsett. Olíuleiðslur skulu vera viðurkenndar háþrýstislöngur.

**5.4.1.i** Útfærsla hjólabúnaðar, svo sem demparar, gormar, fjaðrir og klafar er frjálts, svo framarlega sem hann stenst öryggiskröfur sem almennt eru gerðar til ökutækja.

**5.4.1.j** Handhemill er skylda.

**5.4.1.j.i** Ef *ökutækið* er óskráð skal hemlabúnaður vera tekinn út af skoðunarstöð og vottorði þar að lútandi framvísað.

**5.4.1.k** Sé notaður eldsneytisgeymir annar en sá upprunalegi skal hann vera tryggilega festur, minnst 30 cm frá úthlið yfirbyggingar. Útöndun skal ná út fyrir yfirbyggingu og niður fyrir tank og hafa einstreymisloka. Þannig skal gengið frá honum að bensín leki ekki út. Bannað er að staðsetja eldsneytisgeymi í *ökumannsrými*.

**5.4.1.l** Eldsneytisinnngjöf skal útbúin með þeim hætti að ef hún aftengist færast gangur vélar sjálfkrafa í hægagang.

**5.4.1.m** Eldsneytislagir inni í *ökutækinu* skulu vera úr eir, stáli eða vírofum slöngum. Öll samskeyti á eldsneytislöngum eru bönnuð í *ökumannsrými*.

**5.4.1.n** Ekki er heimilt að loftinntak vélar sé inni í *ökumannsrými*.

**5.4.1.o** Rafgeymir skal tryggilega festur.

**5.4.1.o.i** Sé rafgeymir í farþegarými skal hann vera þurrgeymir.

**5.4.1.p** Straumrofi er skylda. Hann skal vera með hnappi, snerli eða handfangi og greinilega merktur á/af (on/off).

**5.4.1.p.i** Straumrofa skal staðsetja fyrir framan framrúðu eða á aftasta hluta *ökutækisins*.

**5.4.1.p.ii** Straumrofi á að rjúfa allan straum og drepa á *ökutækinu*.

**5.4.1.p.iii** Straumrofinn skal merktur með rauðri eldingu inn í bláum þríhyrning með hvítri brún. Merkið skal vera með að minnsta kosti 12 cm löngum hliðum.

**5.4.1.q** Að minnsta kosti tvö rauð bremsuljós skulu vera staðsett á afturhluta *ökutækisins* og vera vel sýnileg.

**5.4.1.q.i** Styrkur ljóssins skal vera 15-30 watta glópera eða 6-10 watta LED ljós.

**5.4.1.r** Slökkvitæki sem hentar á föst efni og rafmagns-, gas- og olíeld eða slökkvikerfi sem viðurkennt er af *FIA* er skylda.

**5.4.1.r.i** Slökkvitæki skal staðsett þannig að auðvelt sé fyrir *ökumann* að ná til þess og skal það tryggilega fest.

**5.4.1.s** Allir loftpúðar skulu fjarlægðir úr *ökutækinu*.

## **5.4.2 Ökutæki sem keppa í tímaati skulu uppfylla eftirfarandi**

**5.4.2.a** í Hot Wheels TURBO flokki, opnum flokki fjöldaframleiddra bíla og opnum flokki kappakstursbíla skulu *ökutæki* uppfylla reglur listaðar í lið 5.4.1.

**5.4.2.b** Opnir bílar, bílar með blæju eða fjarlægðanlegan topp skulu hafa veltivörn sem ver *ökumann*.

## **GREIN 5.5 ÖRYGGISFULLTRÚI**

**5.5.1** Öryggisfulltrúi ber ábyrgð á að framkvæmd keppni stefni ekki áhorfendum, starfsmönnum, keppendum eða tengdum aðilum í hættu.

**5.5.2** Öryggisfulltrúi hefur heimild til að stöðva keppni eða einstaka keppendur eða ökumenn, telji hann þörf á því.

**5.5.3** Verði slys á fólki ber öryggisfulltrúa að gera skýrslu til AKÍS um atvikið, lýsa aðstæðum og meta mögulegar orsakir.

**5.5.4** Öryggisfulltrúa er heimilt að taka ökutæki sem aðild á að óhappi til frekari skoðunar áður en keppandi fær aðgang að því aftur.

**5.5.4.a** Slík skoðun má fara fram eftir að keppni lýkur.



## GREIN 6 KEPPNISFLOKKAR

### GREIN 6.1 REGLUR SEM GILDA FYRIR ALLA FLOKKA

**6.1.1** Dómnefnd er heimilt, að fenginni tillögu skoðunarmanns, að færa *keppendur* um flokk fram að *ræsingu* fyrstu ferðar í tímatöku.

**6.1.2** Dráttarlykkjur skulu vera framan og aftan á *ökutækinu*.

**6.1.2.a** Þær mega ekki skaga út fyrir yfirbygginguna þegar keppt er í kappakstri.

**6.1.3** Gluggar og topplúgur skulu vera lokaðar í akstri.

**6.1.4** Óheimilt er að nota nítró eða rafmagn sem aflagjafa *ökutækis*.

### GREIN 6.2 HOT WHEELS FLOKKUR

**6.2.1** Allar breytingar eru leyfðar á bremsum, fjöðrunarkerfi, loftinntaki og pústi.

**6.2.1.a** Heimilt er að bæta driflæsingu í ökutæki sem ekki hefur slíkan búnað fyrir.

**6.2.2** Fjöldaframleiddir götubílar sem seldir hafa verið á almennum markaði með drif á einum öxli, óblásnir og slagrymi allt að 1000 cm<sup>3</sup>.

**6.2.3** *Ökutæki* skulu vera skráningarskyld með tryggingaskírteini.

**6.2.3.a** Hægt að fá leyfi keppnishaldara til að keppa á óskráðu *ökutæki*.

**6.2.4** Óheimilt er að fjarlægja ytra byrði eða veikja burðarvirki.

**6.2.5** *Ökutæki* skulu ekki vera opnir- eða blæjubílar.

**6.2.6** Dekk skulu hafa treadwear 80 eða meira og vera að hámarki 205mm breið.

**6.2.6.a** Alveg slétt dekk (dekk án þvermunsturs) eða „slikkar“ eru ekki leyfðir.

**6.2.7** Loftflæðibreytingar eru leyfðar.

**6.2.8** Innréttingu má fjarlægja.

**6.2.9** Einungis er leyfilegt að nota eldsneyti sem fæst á dælu í almennri sölu á Íslandi.

### GREIN 6.3 HOT WHEELS JUNIOR FLOKKUR (UNGLINGAFLOKKUR)

**6.3.1** Allar breytingar eru leyfðar á bremsum, fjöðrunarkerfi, loftinntaki og pústi.

**6.3.1.a** Heimilt er að bæta driflæsingu í ökutæki sem ekki hefur slíkan búnað fyrir.

**6.3.2** Sömu reglur og gilda um Hot Wheels flokk nema:

**6.3.2.a** slagrymi vélar má vera allt að 1600 cm<sup>3</sup>.

**6.3.3** Þátttakendur þurfa að uppfylla skilyrði unglingsflokka sem sett eru í grein 2.1.

### GREIN 6.4 HOT WHEELS SPORT FLOKKUR

**6.4.1** Allar breytingar eru leyfðar á bremsum, fjöðrunarkerfi, loftinntaki og pústi.

**6.4.1.a** Heimilt er að bæta driflæsingu í ökutæki sem ekki hefur slíkan búnað fyrir.

**6.4.2** Sömu reglur og gilda um Hot Wheels flokk nema

**6.4.2.a** slagrymi vélar má vera allt að 2000 cm<sup>3</sup>;

**6.4.2.b** engin takmörk eru á breidd dekkja.

### GREIN 6.5 HOT WHEELS TURBO FLOKKUR

**6.5.1** Allar breytingar eru leyfðar á bremsum, fjöðrunarkerfi, loftinntaki og pústi.

**6.5.1.a** Heimilt er að bæta driflæsingu í ökutæki sem ekki hefur slíkan búnað fyrir.

**6.5.2** Sömu reglur og gilda um Hot Wheels flokk nema:

**6.5.2.a** slagrymi vélar má vera allt að 2500 cm<sup>3</sup>;

**6.5.2.b** turbo er leyfilegt;

**6.5.2.c** engin takmörk eru á breidd dekkja.



## GREIN 6.6 ÓBLÁSNIR RALLYBÍLAR FLOKKUR

6.6.1 Allar breytingar eru leyfðar á bremsum, fjöðrunarkerfi, loftinntaki og pústi.

6.6.1.a Heimilt er að bæta driflæsingu í ökutæki sem ekki hefur slíkan búnað fyrir.

6.6.2 Ökutæki sem eru gjaldgeng í AB varahlutaflokkinn í rally. Bílar skulu standast allar reglur AKÍS í þeim flokki rallyreglnanna.

## GREIN 6.7 GÖTUBÍLAFLOKKUR

6.7.1 Allar breytingar eru leyfðar á bremsum, fjöðrunarkerfi, loftinntaki og pústi.

6.7.1.a Heimilt er að bæta driflæsingu í ökutæki sem ekki hefur slíkan búnað fyrir.

6.7.2 Fjöldaframleiddir götubílar sem seldir hafa verið á almennum markaði.

6.7.3 Hámarksafli vélar er 249 hestöfl (samkvæmt upplýsingum frá framleiðanda sem koma fram í skráningarskírteini).

6.7.4 Ökutæki skulu vera skráningarskyld með tryggingaskírteini.

6.7.4.a Hægt að fá leyfi keppnishaldara til að keppa á óskráðu ökutæki.

6.7.5 Dekk skulu hafa treadwear 220 eða meira og vera að hámarki 235mm breið.

6.7.5.a Alveg slétt dekk (dekk án þvermunsturs) eða „slikkar“ eru ekki leyfðir.

6.7.6 Allar breytingar á yfirbyggingu eru bannaðar.

6.7.7 Vél skal vera af upprunalegri gerð en þó má skipta út vél frá sama framleiðanda ef vélin hefur verið í boði í einhverri útgáfu af bílnum.

6.7.8 Heimilt er að gera breytingar með búnaði frá framleiðanda sem bauðst fyrir sama ökutæki þegar það var framleitt.

6.7.9 Innrétting skal öll vera í bílnum.

6.7.9.a Þó má skipta út framstólum, beltum og stýri en ekki léttu bílinn að öðru leyti.

6.7.9.b Heimilt er að fjarlægja hluta innréttingar til að koma fyrir öryggisbúri eða það sem þarf fyrir aftan B póst til að koma fyrir veltiboga eða stöng fyrir sætisbelti.

6.7.10 Einungis er leyfilegt að nota eldsneyti sem fæst á dælu í almennri sölu á Íslandi.

## GREIN 6.8 GÖTUBÍLAR RWD FLOKKUR

6.8.1 Allar breytingar eru leyfðar á bremsum, fjöðrunarkerfi, loftinntaki og pústi.

6.8.1.a Heimilt er að bæta driflæsingu í ökutæki sem ekki hefur slíkan búnað fyrir.

6.8.2 Sömu reglur og gilda um götubílaflokk nema:

6.8.2.a Lágmarksafli vélar er 250 hestöfl (samkvæmt upplýsingum frá framleiðanda sem koma fram í skráningarskírteini);

6.8.2.b Drif má aðeins vera á afturási;

6.8.2.c Lágmarks þyngd er 1450 kg;

6.8.2.d Engin takmörk eru á breidd dekkja og mega þau vera treadware 180 eða meira.

## GREIN 6.9 GÖTUBÍLAR R-SPORT FLOKKUR

6.9.1 Allar breytingar eru leyfðar á bremsum, fjöðrunarkerfi, loftinntaki og pústi.

6.9.1.a Heimilt er að bæta driflæsingu í ökutæki sem ekki hefur slíkan búnað fyrir.

6.9.2 Sömu reglur og gilda um götubílaflokk nema:

6.9.2.a Lágmarksafli vélar er 250 hestöfl (samkvæmt upplýsingum frá framleiðanda sem koma fram í skráningarskírteini);

6.9.2.b Engin takmörk eru á breidd dekkja og mega þau vera treadware 180 eða meira.

## GREIN 6.10 BREYTTIR GÖTUBÍLAR FLOKKUR

6.10.1 Allar breytingar eru leyfðar á bremsum, fjöðrunarkerfi, loftinntaki og pústi.

6.10.1.a Heimilt er að bæta driflæsingu í ökutæki sem ekki hefur slíkan búnað fyrir.





- 6.10.2 Fjöldaframleiddir götubílar sem seldir hafa verið á almennum markaði.
- 6.10.3 Engar takmarkanir á mótör, drifbúnaði og yfirbyggingu.
- 6.10.4 Burðarvirki skal vera óbreytt, en má þó styrkja það að vild.
- 6.10.5 Ökutæki skulu vera skráningarskyld með tryggingaskírteini.
- 6.10.5.a Hægt að fá leyfi keppnishaldara til að keppa á óskráðu ökutæki.
- 6.10.6 Dekk skulu hafa treadwear 80 eða meira.
- 6.10.6.a Alveg slétt dekk (dekk án þvermunsturs) eða „slikkar“ eru ekki leyfðir.
- 6.10.7 Allar breytingar á yfirbyggingu eru leyfðar.
- 6.10.8 Skipta má út framstólum, beltum og stýri.
- 6.10.8.a Heimilt er að fjarlægja innréttingu ef sett er öryggisbúr í bílinn eða það sem þarf fyrir aftan B póst til að koma fyrir veltiboga eða stöng fyrir sætisbelti.
- 6.10.9 Einungis er leyfilegt að nota eldsneyti sem fæst á dælu í almennri sölu á Íslandi.

### **GREIN 6.11 OPINN FLOKKUR FJÖLDAFRAMLEIDDRA BÍLA**

- 6.11.1 Allar breytingar eru leyfðar á bremsum, fjöðrunarkerfi, loftinntaki og pústi.
- 6.11.1.a Heimilt er að bæta driflæsingu í ökutæki sem ekki hefur slíkan búnað fyrir.
- 6.11.2 Fjöldaframleiddir götubílar sem seldir hafa verið á almennum markaði.
- 6.11.3 Allt breytingar leyfðar.

### **GREIN 6.12 OPINN FLOKKUR KAPPASTURSBÍLA**

- 6.12.1 Allar breytingar eru leyfðar á bremsum, fjöðrunarkerfi, loftinntaki og pústi.
- 6.12.1.a Heimilt er að bæta driflæsingu í ökutæki sem ekki hefur slíkan búnað fyrir.
- 6.12.2 Ökutæki sem ekki falla inn í aðra flokka. Má þar nefna sérsmiðaða bíla, og kappakstursbíla.
- 6.12.3 Ökutæki sem eru ekki á númerum skulu vera með keppnistryggingar og framvísa vottorði frá skoðunarstöð fyrir hemla- og stýrisbúnað.

### **GREIN 6.13 STANDARD 1000 KAPPASTURSBÍLAR**

- 6.13.1 Fjöldaframleiddir boddy bílar með drif á einum öxli og óblásna vél með slagrymi undir 1050 rúmsentimetrum.
- 6.13.1.a Slagrymi uppgefið af framleiðanda gildir.
- 6.13.2 Lágmarksþyngd á ráslínu með öikumanni er 900 kílógrömm.
- 6.13.3 Hámarksþyngd 1300 kílógrömm.
- 6.13.4 Upprunalegu útliti skal halda, það er, stuðurum, grilli, hurðum ofl.
- 6.13.4.a Brettin skulu hylja allan bana hjólbarðanna.
- 6.13.5 Krumpusvæði fyrir framan demparturna að framan og aftur fyrir turna að aftan verða að vera óbreytt nema breytingarnar teljist sambærilegar upprunalegri högun og séu gerðar með plötuefni með hámarks þykkt 1,5 millimetrar. Þetta á einnig við um vatnskassabita og framstykki.
- 6.13.6 Allar styrkingar í stuðurum sem eru úr málmi eða hörðu plasti eru bannaðar fyrir framan framstykki nema burðarvirki ökutækis sé þannig hannað að þær séu hluti af því.
- 6.13.6.a Ef þörf er á styrkingu fyrir framan framstykki má einungis nota ál prófíl í stærðinni 60 mm x 30 mm með 3 mm efnisþykkt.
- 6.13.6.a.i Prófíl efnið má skrúfa í grindarbita og skal prófíllinn vera lárétt á milli þeirra og má ekki fara út fyrir hliðar á grindarbita.
- 6.13.7 Hvalbaksbreytingar eru bannaðar.
- 6.13.7.a Eldveggur milli öikumansrýmis og vélarrýmis skal vera þéttur.
- 6.13.8 Blæjubílar og opnir bílar eru bannaðir.
- 6.13.9 Óheimilt er að hafa varadekk í ökutækinu.



- 6.13.10** Læsingarbúnaður á hurðum skal vera óbreyttur. Tryggt skal að hurðir opnast ekki í akstri.
- 6.13.11** Ökumannshurð skal vera með hurðaspjaldi eða annarri stífri klæðningu.
- 6.13.12** Ef upprunaleg mælaborðshilla er fjarlægð verður að hylja svæðið frá framrúðu niður að stýristúbu með stífri klæðningu með engum hvössum brúnum sem ekki getur valdið hættu komi til árekesturs.
- 6.13.13** Hjólkoppa og útstæða hluti skal fjarlægja.
- 6.13.14** Hlífðarpanna er leyfileg, en hún má ekki standa út fyrir fram eða afturhluta *ökutækisins*.
- 6.13.15** Vatnsrör og kælikerfi skulu vera óbreytt.
- 6.13.16** Hjólabúnaður og fjöðrun skal vera óbreytt.
- 6.13.17** Hemlar skulu vera óbreyttir en þó er heimilt að skipta um bremsudiska og bremsuklossa.
- 6.13.17.a** Hemlarör og slöngur skulu vera heil og óskemmd.
- 6.13.18** Eldsneyti skal vera fánlegt á almennri bensínstöð á Íslandi.
- 6.13.18.a** Íblöndunarefni eru bönnuð í eldsneyti.
- 6.13.18.b** Nitro er bannað.
- 6.13.18.c** Rafmagn er ekki leyfilegt sem aflagjafi *ökutækis*.
- 6.13.19** Eldsneytiskerfi skal vera óbreytt.
- 6.13.19.a** Eldsneytislagnir skulu vera heilar og óskemmdar.
- 6.13.20** Rafgeymir og staðsetning hans skal vera óbreytt.
- 6.13.21** Allar breytingar á vél eru bannaðar.
- 6.13.21.a** Breytingar á forritun vélartölvu eða útskipting hennar er bönnuð.
- 6.13.22** Breyting á staðsetningu vélar er bönnuð.
- 6.13.23** Upprunaleg gerð þústgreinar skal vera í *ökutækinu*.
- 6.13.24** Útblástursrör skal tryggja að útblástursgufur geti ekki borist í *ökumannsrými*.
- 6.13.25** Gírkassi skal vera af upprunalegri gerð.
- 6.13.26** Allar driflæsingar eru bannaðar
- 6.13.27** Eingöngu radial hjólbarðar eru leyfðir.
- 6.13.27.a** Hámarks breidd hjólbarða er 205 millimetrar.
- 6.13.27.b** Naglar og keðjur eru bannaðar.
- 6.13.27.c** Allur skurður á dekkjum er bannaður.
- 6.13.27.d** Slikkar og hrágúmmi/R-compound/soft-compound dekk eru bönnuð.
- 6.13.27.e** Lágmarks treadware dekkja er 220.
- 6.13.27.e.i** Gefi framleiðandi ekki upp treadware ákveður skoðunarmaður hvort dekk teljast gjaldgeng.

## **GREIN 6.14 FORMULA 1000 KAPPAKSTURSBÍLAR**

- 6.14.1** Fjöldaframleiddir boddý bílar með drif á einum öxli og óblásna vél með slagrymi undir 1050 rúmsentimetrum.
- 6.14.1.a** Slagrymi uppgefið af framleiðanda gildir.
- 6.14.2** Lágmarksþyngd á ráslínu með *ökumanni* er 900 kílógrömm.
- 6.14.3** Hámarksþyngd 1300 kílógrömm.
- 6.14.4** Upprunalegu útliti skal halda, það er, stuðrum, grilli, hurðum ofl.
- 6.14.4.a** Brettin skulu hylja allan bana hjólbarðanna að ofanverðu.
- 6.14.4.b** Heimilt er að rúlla brettakanta upp að því marki að engar hvassar brúnir myndist.
- 6.14.5** Krumpusvæði fyrir framan demparaturna að framan og aftur fyrir turna að aftan verða að vera óbreytt nema breytingarnar teljist sambærilegar upprunalegri högun og séu gerðar með plötuefni með hámarks þykkt 1,5 millimetrar. Þetta á einnig við um vatnskassabita og framstykki.
- 6.14.6** Allar styrkingar í stuðrum sem eru úr málmi eða hörðu plasti eru bannaðar fyrir framan framstykki nema burðarvirki ökutækis sé þannig hannað að þær séu hluti af því.



- 6.14.6.a** Ef þörf er á styrkingu fyrir framan framstykki má einungis nota ál prófíl í stærðinni 60 mm x 30 mm með 3 mm efnisþykkt.
- 6.14.6.a.i** Prófíl efnið má skrúfa í grindarbita og skal prófíllinn vera lárétt á milli þeirra og má ekki fara út fyrir hliðar á grindarbita.
- 6.14.7** Hvalbaksbreytingar eru bannaðar.
- 6.14.7.a** Eldveggur milli *ökumannsrýmis* og vélarrýmis skal vera þéttur.
- 6.14.8** Blæjubílar og opnir bílar eru bannaðir.
- 6.14.9** Óheimilt er að hafa varadekk í *ökutækinu*.
- 6.14.10** Læsingarbúnaður á hurðum skal vera óbreyttur. Tryggt skal að hurðir opnast ekki í akstri.
- 6.14.11** *Ökumannshurð* skal vera með hurðaspjaldi eða annarri stífri klæðningu.
- 6.14.12** Ef upprunaleg mælaborðshilla er fjarlægð verður að hylja svæðið frá framrúðu niður að stýristúbu með stífri klæðningu með engum hvössum brúnum sem ekki getur valdið hættu komi til áreksturs.
- 6.14.13** Hjólkoppa og útstæða hluti skal fjarlægja.
- 6.14.14** Hlífðarpanna er leyfileg, en hún má ekki standa út fyrir fram eða afturhluta *ökutækisins*.
- 6.14.15** Vatnsrör og kælikerfi skulu vera óbreytt.
- 6.14.16** Hemlarör og slöngur skulu vera heil og óskemmd.
- 6.14.17** Eldsneyti skal vera fánlegt á almennri bensínstöð á Íslandi.
- 6.14.17.a** Íblöndunarefni eru bönnuð í eldsneyti.
- 6.14.17.b** Nitro er bannað.
- 6.14.17.c** Rafmagn er ekki leyfilegt sem afgangi *ökutækis*.
- 6.14.18** Eldsneytiskerfi skal vera óbreytt.
- 6.14.18.a** Eldsneytislagnir skulu vera heilar og óskemmdar.
- 6.14.19** Rafgeymir og staðsetning hans skal vera óbreytt.
- 6.14.20** Allar breytingar á vél eru bannaðar.
- 6.14.20.a** Breytingar á forritun vélartölvu eða útskipting hennar er heimil.
- 6.14.21** Breyting á staðsetningu vélar er bönnuð.
- 6.14.22** Upprunaleg gerð pústgreinar skal vera í *ökutækinu*.
- 6.14.23** Útblástursrör skal tryggja að útblástursgufur geti ekki borist í *ökumannsrými*.
- 6.14.24** Gírkassi skal vera af upprunalegri gerð.
- 6.14.25** Eingöngu radial hjólbarðar eru leyfðir.
- 6.14.25.a** Hámarks breidd hjólbarða er 205 millimetrar.
- 6.14.25.b** Naglar og keðjur eru bannaðar.
- 6.14.25.c** Allur skurður á dekkjum er bannaður.
- 6.14.25.d** Slikkar og hrágúmmi/R-compound/soft-compound dekk eru bönnuð.
- 6.14.25.e** Lágmarks treadware dekkja er 220.
- 6.14.25.e.i** Gefi framleiðandi ekki upp treadware ákveður skoðunarmaður hvort dekk teljast gjaldgeng.